

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl 2018
Málsnr: 201804-0056

Efni: Athugasemdir við drög að reglugerð um sprengiefni og forefni til sprengiefnagerðar.

Embætti Tollstjóra gerir neðangreindar athugasemdir við drögin.

42. gr.

Í drögunum er fjallað um aðgengi, innflutning, vörslu og notkun forefna til sprengiefnagerðar í 42. grein reglugerðarinnar. Þar segir að almennum borgurum sé óheimilt að flytja inn, hafa í vörslum sínum, nota eða fá aðgengi að forefni sem sætir takmörkunum. Í 2. mgr. sömu greinar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geti lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu veitt almennum borgurum leyfi að flytja inn, hafa í vörslum sínum, nota eða fá aðgengi að forefni sem sætir takmörkunum. Þar segir jafnframt að skilyrði fyrir leyfisveitingu sé að umsækjandi sýni fram á lögmæti fyrirhugaðrar notkunar. Í 3. mgr. greinarinnar kemur fram að leyfið skv. 2. mgr. skuli vera tímabundið og að hámarki til þriggja ára og í leyfinu skuli koma fram fyrir hvaða forefni það gildir. Í 5. mgr. segir að lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu skuli senda ríkislögreglustjóra yfirlit yfir útgefin leyfi einu sinni á ári eða oftár sé þess óskað.

Eitt af meginhlutverkum Tollstjóra er að hafa eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu sbr. 3. tl. 40. gr. tollalaga nr. 88/2005. Með vísun til þess telur embættið æskilegt að Tollstjóri fái sent frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu yfirlit yfir útgefin leyfi, þannig að embættið geti sinnt sem best eftirlitshlutverki sínu. Með því að Tollstjóri hafi hjá sér yfirlit yfir útgefin leyfi getur embættið staðfest að innflytjandi hafi heimild til að flytja viðkomandi vöru inn í landið þ.e sannreynt að yfirlýsing innflytjanda á innflutningsskýrslu þess efnis sé sannarlega rétt.

Tollstjóri leggur því til að 5. mgr. 42. greinar yrði breytt eins og hér segir „Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu skal senda ríkislögreglustjóra **og tollstjóra** yfirlit yfir útgefin leyfi einu sinni á ári eða oftár sé þess óskað“.


48. gr.

Í 48. gr. reglugerðarinnar er umfjöllun um heimild leyfisveitanda til afturköllunar leyfis ef eigi teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, ef leyfishafi hefur eigi farið eftir settum fyrir mælum eða ef ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni eða tæki sem leyfið tekur til. Í greininni kemur einnig fram að þegar um er að

ræða leyfi til notkunar og meðferðar á sprengiefni skuli lögreglustjóri í því umdæmi þar sem leyfishafi á lögheimili taka ákvörðun um leyfissviptingu.


Í greininni er ekki að finna neina tilkynningarskyldu til embættis Tollstjóra þegar afturköllun leyfis á sér stað. Tollstjóri telur afar mikilvægt að embætti Tollstjóra sé tilkynnt um þegar leyfi leyfishafa er afturkallað og óskar eftir að því skilyrði sé bætt við viðkomandi grein. Eins og áður segir er eitt af meginhlutverkum tollstjóra að hafa eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu sbr. 3. tl. 40. gr. tollalaga nr. 88/2005. Tollstjóri telur ljóst að embætti Tollstjóra geti ekki uppfyllt eftirlitshlutverk sitt eins og lög kveða á um ef embættinu berst ekki tilkynning þegar leyfi samkvæmt þessari reglugerð er afturkallað af leyfisveitanda eða lögreglustjóra þess embættis þar sem leyfishafi á lögheimili. Hafi Tollstjóri ekki vitneskju um að leyfi hafi verið afturkallað munu vörur sem reglugerðin tekur til fá tollafgreiðslu líkt og innflutningsaðili hafi gilt leyfi. Af þessum ástæðum telur embættið afar brýnt að Tollstjóri fái sent tilkynningu þegar afturköllun á leyfi á sér stað til að Tollstjóri geti komið í veg fyrir innflutning á leyfisskyldri vöru.

Virðingarfyllst,
f. h. Tollstjóra



Eiríkur Ari Eiríksson

lögfræðingur á tollasviði



Birna Friðfinnsdóttir

varðstjóri